

HEIMIR

II. ÁR.

WINNIPEG, 1905.

NR. 10.

Út.

Út, út í loftið alt heiðríkt og hreint,
í heilnæma víddina byggingarlausa,
hvar grundirnar hafa sitt gróðrarmagn reynt,
og grásvörtu regnskýín vatninu ausa.
Burt, burt, því öllu því innbyrgða' er meint.—
út, út og burt héðan, hvað sem þeir rausa.

Hvert útsýnis nálgat er negld yfir fjöl,
og nóg er af leirnum og forinni blaðið,
svo skyggi á sólris og sólseturs dvöl
og sumarsins ljósgárað árroðavaðið.
Þín aðkrepta hugmynd er ásýndarföl,
og eins og hún reikandi geti' ekki staðið.

En náttúran sjálfboðin svöluṇ þér ber,
ef segir þú skilið við loftvondu bólín.
Svo kom út, hvar blærinn og bjartsýnið er,
og brosandi frelsið þar réttir þér stólinn.
Og rýmkaðu' um hugann og hjartað í þér,
því hér ertu frjáls eins og vormorgunsólin.

Lát vindinn og sólskinnið kemba þinn koll
og kyssa þig döggvotu laufin á enni.
Þá finnurðu' að módir þín, hjúkrandi' og holl,
er heilbrigðust allra.—Svo ver þú með henni.
Og þvo þig í straumnum, ei stöðnuðum poll,
og strjúktu' af þér ryklagið, eins þó að fenni.

KRISTINN STEFÁNSSON.